

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2023, mánudaginn 24. apríl kl. 14:00 var haldinn 334. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundarbúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Þórður Gunnarsson, Kristinn Hallur Sveinsson í fjarveru Valgarðs Lyngdal Jónssonar, og Guðveig Eyglóardóttir. Vala tók þátt um fjarfundabúnað.

Einnig tók Sævar Freyr Þráinsson forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð SF 333 lögð fram og samþykkt. Fundargerðin verður send til rafrænnar undirritunar stjórnar.
2. Klukkan 14:05 mætti Benedikt Kjartan Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála ásamt Gísli Birni Björnssyni til fundarins og kynnti stöðu fjármögnunar ásamt vörspá 2023. Umræður.

Áhættuskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 17.04.2023 lögð fram og skýrð.

3. Klukkan 14:46 mætti Erling Freyr Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ljósleiðarans til fundarins og greindi frá hlutafjárukningarferli Ljósleiðarans. Umræður.
4. Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að veita Sævari Frey Þráinssyni forstjóra prókúruumboð.
5. Lögð fram jafnréttistefna með leiðréttingu á orðalagi. Samþykkt samhljóða.

6. Lögð fram stefna um upplýsingaöryggi og persónuvernd. Stefnan rýnd og samþykkt.

Lagt fram minnisblað, dags. 24.04.2023 vegna rýni á gæðastefnu. Lagt er til að stefnan verði óbreytt. Stefnan rýnd og samþykkt.

7. Klukkan 16:00 mættu Sigrún Tómasdóttir og Þráinn Friðriksson, sérfræðingar hjá Rannsóknunum og nýsköpun og Sverrir Guðmundsson, vatnsveitu, til fundarins og kynntu stefnuverkefnið „Vegvísir forðamála fyrir vatnsveitu Borgarness, Bifrastar og nærsveita“. Umræður.

8. Lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 19.04.2023 og minnisblað um forðagæslu, dags. 21.04.2023.

9. Klukkan 16:25 mætti til fundarins Hera Grímsdóttir, framkvæmdastýra Rannsókna og nýsköpunar OR ásamt Völu Hjörleifsdóttur og Hörpu Pétursdóttur, og greindi frá skoðun vindorkukosta. Umræður.

10. Lagðar fram til upplýsingar, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

Minnisblað framkvæmdastýru Orku náttúrunnar ohf. dags. 19.04.2023

Fundargerð stjórnarfundar Orku náttúrunnar ohf. dags. 22.03.2023

Fundargerðir stjórnar Carbfex hf. dags. 22.03.2023

Minnisblað framkvæmdastjórnar Veitna ohf. dags. 19.04.2023

Fundargerð stjórnarfundar Veitna ohf. dags. 23.03.2023

Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans ehf. dags. 19.04.2023

Fundargerð stjórnar Ljósleiðarans ehf. dags. 24.03.2023

11. Forstjóri lagði fram og gerði grein fyrir skýrslu sinni um starfsemina, dags. 20.04.2023, ásamt yfirliti um fyrirhugaða skipan stjórna dótturfélaga.

12. Forstjóri lagði fram svohljóðandi tillögu, dags. 24.04.2023. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að veita forstjóra og stefnustjóra umboð til að hefja undirbúning á fyrirhugaðri endurskoðun á heildarstefnu OR og stefnumótun.

Samþykkt.

Ákveðið að halda vinnudag stjórnar þann 29. september nk.

13. Minnt á árshátíð OR, laugardaginn 29. apríl nk.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 17:33.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 22. maí 2023.

Gylfi Magnússon,

Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir,
Þórður Gunnarsson, Kristinn Hallur Sveinsson, Guðveig Eyglóardóttir.